

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1278/95**frá 6. júní 1995****um þriðju breytingu á reglugerð (EBE) nr. 586/93 um undanþágu varðandi magn rokgjarnrar sýru í tilteknum vínum(*)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 822/87 frá 16. mars 1987 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með lögunum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar og reglugerð (EB) nr. 3290/94 ⁽²⁾, einkum 4. mgr. 66. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í 66. gr. reglugerðar (EBE) nr. 822/87 er kveðið á um hámarksinnihald rokgjarnrar sýru í víni. Veita má undanþágur vegna tiltekinna gæðavína sem eru framleidd í tilgreindum héruðum (fth). Í tilteknum austurrískum gæðavínum fth, sem falla undir þennan flokk, er innihald rokgjarnrar sýru yfirleitt meira en kveðið er á um í 66. gr. reglugerðar (EBE) nr. 822/87 vegna sérstakra framleiðsluhátta og mikils alkóhólsstyrkleika þeirra. Til þess að unnt sé að halda áfram að framleiða framangreind vín með hefðbundnum aðferðum, sem þau sækja sérkenni sín til, ætti að veita undanþágu frá 1. mgr. 66. gr. reglugerðar (EBE) nr. 822/87.

Til glöggvunar ætti þó að fella þessa undanþágu inn í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 586/93 ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1243/95 ⁽⁴⁾, þar sem safnað er í einn texta öllum undanþágum sem kveðið er á um varðandi rokgjarnrar sýru.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. júní 1995.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

Fyrir aðild Austurríkis var hámarksinnihald rokgjarnrar sýru í téðum gæðavínum fth meira en kveðið er á um í 66. gr. reglugerðar (EBE) nr. 822/87. Til þess að komast hjá millibilsástandi skal þessi reglugerð gilda frá gildistökudegi laganna um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit stjórnarnefndar um vín.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:**1. gr.**

Eftirfarandi liður bætist hér með við á eftir c-lið 1. gr. og d-liður 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 586/92 verði að e-lið 1. gr.:

„d) í austurrískum vínum:

- 30 millíjafngildi á lítra í gæðavínum fth sem standast kröfur sem gerðar eru til vína sem eru merkt „Ausbruch“, „Beerenauslese“, „Troockenbeerenauslese“, „Eiswein“ eða „Strohwein“.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún kemur til framkvæmda 1. janúar 1995.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 121, 1. 6. 1995, bls. 64, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/97 frá 11. júlí 1997 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 84, 27. 3. 1987, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 349, 31. 12. 1994, bls. 105.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 61, 13. 3. 1993, bls. 39.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 121, 1. 6. 1995, bls. 64.